

Frumvarp til laga

um breytingu á markaðssetningarlögum, nr. 44/2026 (auglýsingar á íslensku).

Flm.: Snorri Másson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

- Í stað orðsins „eingöngu“ í 2. málsl. kemur: einnig.
- Við bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Sé það gert skal íslenskur texti auglýsingar vera mest áberandi, svo sem efst á blaði, feitletraður eða í stærra lettri en texti á öðrum málum. Skilti, vegvísar, heiti á tegund atvinnustarfsemi og útiauglýsingar, þar á meðal útiauglýsingar sem settar eru upp á almannafæri í þágu stjórnmalabaráttu, skulu vera á íslensku en mega þar að auki hafa til hliðar útlenska þýðingu skv. 2. málsl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í markaðssetningarlögum segir að auglýsingar sem höfða eigi til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku. Í frumvarpi þessu er lagt til að í stað þess segi að auglýsingar skuli einfaldlega vera á íslensku án þess að tekið sé sérstaklega fram að þær þurfi að höfða til íslenskra neytenda. Líkt og bent hefur verið á, meðal annars af hálfu Íslenskrar málnefndar, er vandséð hvernig auglýsingar í íslenskri lögsögu eigi ekki að geta höfðað til íslenskra neytenda. Einnig má benda á að óháð því hver ætlaður neytandi er hverju sinni eru opinberar auglýsingar sem birtar eru almenningi á Íslandi einfaldlega hluti af almannarýminu og skulu því vera á íslensku. Þó skal samkvæmt þessu frumvarpi leyfilegt að hafa önnur tungumál einnig inni í auglýsingum sé markmiðið að höfða til þeirra sem ekki mæla á íslensku. Þá skal bera meira á íslenskum texta en þýðingum hans í auglýsingu, t.d. þannig að íslenskur texti sé stærri, ofar á blaði eða feitletraður.

Segja má að í gildandi lögum sé það ákveðin meginregla að auglýsingar skuli vera á íslensku en sú regla hefur haldið illa, eins og raun ber vitni um. Að fenginni þeirri reynslu er lagt til með frumvarpi þessu að reisa öllu rammari skorður við enskunotkun. Víða má sjá auglýsingar á Íslandi sem birtast alfarið á ensku eða öðru erlendu máli, t.d. á skiltum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem bjóða farþega velkomna til landsins. Víða um land er enska óþægilega áberandi á kostnað móðurmáls heimamanna. Íslenska er opinbert mál á Íslandi og því er ekki æskilegt að henni sé alfarið sleppt eða skipað neðarlega á blað í auglýsingum. Breytir þar engu um hvort auglýsing sé birt á stað sem erlendir ferðamenn eða aðrir útlendingar sækja. Þar hafa Íslendingar ekki síðri rétt til að njóta samfélagsins á forsendum eigin þjóðmenningar. Tungumálið er þar kjarni máls. Önnur menningarsvæði og þjóðríki hafa grip-ið til sambærilegra ráðstafana og í sumum tilvikum gengið öllu lengra. Í þeim efnum má

horfa til Frakklands, Lettlands, Eistlands eða Québec-fylkis í Kanada þar sem staðinn er vörður um hina frönsku tungu.

Nauðsynlegt er að efla varðstöðu um íslenska tungu með öllum tiltækum ráðum og er einboðið að horfa til þessa þannig að íslenska megi sannarlega standa undir nafni sem opinbert mál á Íslandi. Sé íslenska ætíð efst á blaði sjá heimamenn og gestir að opinbera málið er talið rétt hærra öðrum málum. Telur flutningsmaður að slík skilaboð hafi jákvæð áhrif á viðhorf ferðamanna og innflytjenda til lands og þjóðar sem stendur vörð um sjálfsmynd sína og lifandi menningararfleifð. Á tímum gervigreindar og góðs aðgengis að vélþýðingum er enn fremur til þess að taka að flestum er hægur leikur að þýða upplýsingar af íslensku og yfir á sitt mál ef þörf krefur. Í ljósi þeirrar framþróunar eru meiri hagsmunir en minni sem mæla með því að íslenska skuli hvarvetna njóta vafans og vera í hávegum höfð.